

131. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
2. 2. 2022 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Bjarni Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Huguín Harpa Reynisdóttir.

**Fjarverandi:** Þorkell Óskar Vignisson

#### **Erindi frá Náttúrustofu Suðausturlands**

Kristín sagði frá verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða* sem Náttúrustofan vinnur að ásamt Náttúrufræðistofnun, öðrum náttúrustofum landsins, Vatnajökulsþjóðgarðs og fleirum. Markmið þess er að vinna heildstæða vöktun á landsvísu á náttúruverndarsvæðum og einnig svæðum sem eru, eða þykja líkleg til að verða, undir álagi vegna ágangs ferðamanna. Verkefnið hófst árið 2020 og verður a.m.k. til fimm ára.

#### **Ársfundur Nýheima þekkingarseturs (24. mars)**

Huguín Harpa lagði til að ársfundur setursins verði haldinn fimmtudaginn 24. mars klukkan 15:00, í Nýheimum. Tillagan samþykkt. Rætt um fyrirkomulag ársfundarins og nauðsynlegan undirbúning.

#### **Húsfundur vorannar**

Húsfundur er á dagskrá 25. febrúar. Rætt var um viðfangsefni fundarins og einnig rætt hvort rafrænn húsfundur væri ákjósanlegur kostur.

#### **Áherslur í starfsemi NP og starf stjórnar**

Steinunn Hödd fór yfir þá umræðu sem hefur verið innan stjórnar um áherslur í starfsemi setursins og starf stjórnar. Rætt var um áherslur sem skilgreindar eru í samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, skipulagsskrá og stefnumörkun setursins fyrir árin 2020-2024. Stjórn er sammála um að innan setursins sé unnið gott starf og framtíðarsýn skýr þó alltaf megi gott bæta. Umhverfismál voru sérstaklega rædd sem dæmi um viðfangsefni sem ekki hefur verið unnt að sinna undanfarið vegna anna en vilji er til að efla umhverfismál innan Nýheima.

Einnig var rætt um starf stjórnar, viðfangsefni og tíðni stjórnarfunda. Viðruð sú hugmynd að fækka fundum og hafa hvern fund jafnvel lengri. Hugmynd um að hafa fund ársfjórðungslega og þá mögulega allt að hálf dags fund hverju sinni þar sem rætt verður af meiri dýpt um málefni samstarfsins.

#### **Önnur mál**

Huguín Harpa fór yfir stöðu mála í starfsmannamálum og gerði grein fyrir breytingum sem verða á næstu mánuðum.

Hugrún Harpa sagði frá því að verkefninu Byltingar og byggðapróun er lokið og út er komin skýrslan *Byltingar og byggðapróun: Áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á Íslandi*. Verkefnið var samstarfsverkefni Nýheima þekkingarseturs og Þekkingarnets Þingeyinga og var styrkt af Byggðarannsóknasjóði.

Hugrún Harpa sagði frá því að unnið er að endurnýjun samstarfssamnings við SASS. Forstöðumaður, formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari stjórnar munu vinna að málinu og upplýsa stjórn þegar drög að samningi liggja fyrir.

Fundi slitið klukkan 10:00

Vilhjálmur Magnússon  
Hugrún Harpa Reynisd.